

Fréttatilkynning

13. ágúst 2025

Alvotech birtir uppgjör fyrir fyrstu sex mánuði ársins og kynnir nýjustu áfanga í rekstri félagsins

- *Yfir 200% aukning á tekjum af sölu lyfja á fyrri helmingi ársins miðað við sama tíma í fyrra*
- *Annar ársfjórðungur sá besti í sögu félagsins hvað varðar handbært fé frá rekstri*
- *Nýir samningar um markaðsetningu endurspeгла virði lyfja á fyrri stigum þróunar*
- *Bréf Alvotech skráð á Nasdaq markaðinn í Stokkhólmi*
- *Kynning á uppgjörinu í beinu streymi fimmtudaginn 14. ágúst kl. 12 á hádegis (á ensku)*

Alvotech (NASDAQ: ALVO) birtir í dag uppgjör fyrir fyrstu sex mánuði ársins og kynnir nýjustu áfanga í lyfjaþróun og rekstri félagsins. Stjórnendur félagsins munu kynna uppgjörið á fundi 14. ágúst nk. kl. 12 á hádegis og verður hægt að hlýða á hann í beinu streymi.

„Alvotech náði góðum árangri á fyrri helmingi ársins, þar sem tekjur af lyfjasölu jukust um meira en 200% miðað við sama tíma í fyrra. Þá var annar ársfjórðungur besti fjórðungur í sögu félagsins hvað varðar handbært fé frá rekstri. Nýir samningar um markaðssetningu sem kynntir voru á síðasta ársfjórðungi endurspeгла vel þau miklu verðmæti sem fólgin eru í lyfjunum sem við erum að þróa. Með kaupum á rannsóknarstarfsemi Xbrane í Svíþjóð getum við svo sett enn meiri kraft í lyfjaþróunina. Við viljum halda utan um alla þætti í þróun og framleiðslu hliðstæðanna og eru kaupin í byrjun júlí á starfsemi Ivers-Lee, sem sérhæfir sig í þökkun lyfja, liður í því,“ sagði Róbert Wessman, stjórnarformaður og forstjóri Alvotech.

Áfangar í starfsemi Alvotech á öðrum ársfjórðungi 2025

Samstarfssamningar

Alvotech gerði tvo samninga um aukið samstarf við Advanz Pharma, sem ná til markaðssetningar í Evrópu á fjórum líftæknilyfjahliðstæðum sem félagið er að þróa: AVT48, fyrirhugaðrar hliðstæðu við Ilaris (canakinumab), AVT65, fyrirhugaðrar hliðstæðu við Kesimpta (ofatumumab), AVT10 fyrirhugaðrar hliðstæðu við Cimzia (certolizumab pegol) og fyrirhugaðrar hliðstæðu við ónefnt líftæknilyf. Alvotech gerði einnig nýjan samning við Dr. Reddy's Laboratories Ltd. um þróun, framleiðslu og markaðssetningu AVT32, fyrirhugaðrar hliðstæðu við Keytruda (pembrolizumab). Félögin munu deila jafnt kostnaði og ábyrgð á þróun og framleiðslu hliðstæðunnar. Hvor aðili mun, með ákveðnum undantekningum, eiga rétt á að markaðssetja hana um allan heim. Með samstarfinu geta félögin lækkað kostnað við þróun og framleiðslu hliðstæðunnar, stýtt þróunartíma og náð hraðari útbreiðslu á alþjóðlegum mörkuðum.

Kaup á fyrirtækjum og fjármögnun

Alvotech lauk við kaup á rannsóknarstarfsemi líftæknilyfirtækisins Xbrane í Stokkhólmi og lyfjahugviti tengdu fyrirhugaðri hliðstæðu við líftæknilyfði Cimzia (certolizumab pegol), sem hlotið hefur auðkennið AVT10. Eftir lok annars ársfjórðungs, tilkynnti Alvotech um kaup á fyrirtækinu Ivers-Lee, sem er með

höfuðstöðvar og rekstur í Burgdorf í Sviss. Ivers-Lee sérhæfir sig í þökkun lyfja og samsetningu á lyfjapennum og áfylltum sprautum. Ivers-Lee verður framvegis hluti af framleiðslusviði Alvotech.

Alvotech hélt tvö útboð á sænskum heimildarskírteinum („SDR“). Þátttakendur í útboðunum skráðu sig alls fyrir bréfum að andvirði 789 milljónir sænskra króna. Meira en 3.000 nýir hluthafar tóku þátt í almennu útboði fyrir skráningu félagsins á markaðinn í Stokkhólmi. Þá tóku 40 aðilar þátt í lokuðu útboði sem beindist að fagfjárfestum og var haldið í kjölfar skráningarinnar. Félagið er nú skráð á þremur mörkuðum, í Bandaríkjunum, á Íslandi og í Svíþjóð.

Alvotech samdi við lánveitendur félagsins um að lækka vexti á langtímaskuldum þess. Vaxtakostnaður Alvotech fyrstu 12 mánuðina lækkar um rúmar 8,2 milljónir dollara. Þá voru báðir hlutar lánveitingarinnar felldir saman í eitt lán sem ber 6,0% álag á SOFR.

Breytingar á yfirstjórn

Þann 9. júlí sl. tilkynnti Alvotech að Linda Jónsdóttir hefði verið ráðin framkvæmdastjóri fjármálasviðs og tekur hún við starfinu af Joel Morales, sem er félaginu áfram til ráðgjafar. Linda er reyndur alþjóðlegur stjórnandi á sviði rekstrar og fjármála. Hún starfaði fyrir Marel í 15 ár, þar á meðal sem forstöðumaður fjárstýringar og fjárfestatengsla, framkvæmdastjóri fjármálasviðs og framkvæmdastjóri rekstrarsviðs. Linda sat áður í stjórn Viðskiptaráðs, Framtakssjóðsins og starfaði hjá Sidekick Health, Eimskip, Burðarási og Straumi fjárfestingabanka.

Helstu niðurstöður uppgjörs fyrir fyrstu sex mánuði ársins

Nánari upplýsingar um uppgjörið er einnig að finna í enskri útgáfu tilkynningarinnar

Lausafjárstaða: Þann 30. júní sl. átti félagið 151,5 milljónir dollara í lausu fé. Góða lausafjárstöðu má rekja til rekstrarafkomu félagsins, meðal annars vegna aukningar í tekjum sölu lyfja og í leyfisgreiðslum. Þá nam innflæði vegna útboða félagsins í Svíþjóð um 789 milljónum sænskra króna. Heildarskuldir félagsins voru 1.118,2 milljónir dollara, að meðtöldum 46,0 milljónum dollara í næsta árs afborgunum.

Tekjur af sölu lyfja: Tekjur af sölu lyfja voru 204,7 milljónir dollara á fyrri helmingi ársins, samanborið við 65,9 milljónir dollara á sama tímabili í fyrra. Tekjurnar voru vegna aukinnar sölu á AVT02 í Evrópu, Kanada og Bandaríkjunum, vegna aukinnar sölu á AVT04 í Evrópu og markaðssetningar hliðstæðunnar í Bandaríkjunum.

Leyfisgreiðslur og aðrar tekjur: Leyfisgreiðslur og aðrar tekjur voru 101,3 milljónir dollara á fyrri helmingi ársins, en voru 169,7 milljónir dollara á sama tímabili í fyrra. Mismuninn má einkum rekja til tímasetningar á áföngum sem náðust í lyfjapróun og í sölu lyfja á fyrri helmingi síðasta árs, sem leiddi til tekjufærslu á leyfisgreiðslum að upphæð 133,2 milljónir dollara. Á fyrri helmingi þess árs nam samskonar tekjufærsla \$70.9 milljónum dollara.

Kostnaðarverð seldra vara: Kostnaðarverð seldra vara var 139,3 milljónir dollara á fyrri helmingi ársins, samanborið við 65,2 milljónir dollara á sama tímabili í fyrra. Þessa breytingu má rekja til aukinnar sölu á AVT02 í Bandaríkjunum og markaðssetningar og aukinnar sölu á AVT04 á nokkrum mörkuðum, þar á meðal í Bandaríkjunum og Evrópu. Þá dró úr kostnaði við framleiðslu, vegna aukinnar skilvirkni.

Rannsóknar- og þróunarkostnaður: Rannsóknar- og þróunarkostnaður var 92,9 milljónir dollara á fyrri helmingi ársins, samanborið við 97,5 milljónir dollara á sama tímabili í fyrra. Lækkunina má rekja til þess að á sama tímabili í fyrra var lokið klínískri þróun nokkurra hliðstæðna (AVT03, AVT05 og AVT06) og sala hófst á AVT04. Á móti jókst þróunarkostnaður vegna AVT16 og AVT29 á fyrri hluta þess árs.

Stjórnunarkostnaður: Stjórnunarkostnaður var 45,3 milljónir dollara á fyrri hluta ársins, samanborið við 29,6 milljónir dollara á sama tíma í fyrra. Aukninguna má einkum rekja til aukins kostnaðar upp á 13,6 milljónir dollara vegna aðkeyptar lögfræðipjónustu, þar með talið vegna vinnu tengda hugverkaréttindum, ráðgjöf við skráningu félagsins á markað í Stokkhólmi og ráðgjöf vegna kaupa á rekstri Xbrane í Svíþjóð.

Rekstrarhagnaður: Rekstrarhagnaður var 28,6 milljónir dollara á fyrri helmingi ársins, samanborið við 43,4 milljónir dollara á sama tíma í fyrra. Mismuninn má einkum rekja til hærri tekna af leyfisgreiðslum á fyrri helmingi síðasta árs en á móti koma auknar tekjur af vörusölu á lykilmörkuðum á fyrri hluta þessa árs.

Fjármunatekjur: Fjármunatekjur voru 149,2 milljónir dollara á fyrri hluta ársins, samanborið við 80,8 milljónir dollara á sama ársfjórðungi í fyrra. Fjármunatekjur á fyrri hluta þessa árs má einkum rekja til endurmats á gangvirði afleiðutengdra skulda, tengdum hlutabréfum sem afhent voru stærstu hluthöfum félagsins fyrir skráningu þess á markað. Gangvirðið ræðst að miklu leyti af gengisþróun hlutabréfa í Alvotech. Lækkun varð á markaðsgengi bréfanna á fyrri hluta ársins og við það lækkar gangvirði afleiðutengdu skuldanna.

Fjármagnsgjöld: Fjármagnsgjöld námu 72,2 milljónum dollara á fyrsta ársfjórðungi, samanborið við 277,4 milljónir dollara á fyrri ársfjórðungi í fyrra. Meðal fjármagnsgjalda á fyrri hluta síðasta árs var gjaldfærsla upp á 130,4 milljónir dollara sem má að stórum rekja til endurmats á gangvirði afleiðutengdra skulda, tengdum hlutabréfum sem afhent voru stærstu hluthöfum félagsins fyrir skráningu þess á markað. Önnur lækkun fjármagnsgjaldanna endurspeglar árangur í endurfjármögnun langtímalána félagsins.

Gengisbreytingar: Gengisbreytingar leiddu til taps upp á 19,7 milljónir dollara á fyrri helmingi ársins, samanborið við hagnað upp á 7,7 milljónir dollara á sama tíma í fyrra. Breytinguna má einkum rekja til sveifla í gengi gjaldmiðla, einkum á gengi krónu gegn Bandaríkjadollar.

Breytingar á lánasamningi: Þann 26. júní sl. tilkynnti Alvotech að gerð hefði verið breyting á gildandi samningi félagsins við lánveitendur vegna langtímaskulda. Lánveitendurnir féllust á að fella báða hluta lántökunnar saman í eitt lán sem ber nú 6,0% álag á millbankavexti í dollurum (SOFR). Í kjölfar samningsins bókfærði félagið 16,7 milljóna hagnað vegna lækkunar skulda og lægra vaxtaálags.

Reiknaður tekjuskattur: Reiknaður tekjuskattur var jákvæður um 39,0 milljónir dollara á fyrri helmingi ársins, samanborið við neikvæða færslu upp á 5,1 milljón dollara á sama tímabili í fyrra. Breytinguna má rekja til styrkingar á gengi krónu gagnvart dollar, en við það hækkar andvirði uppsafnaðs taps í dollurum, sem félagið býst við að geta jafnað gegn rekstrarhagnaði á komandi árum. Á móti kemur 3,7 milljóna reiknaður tekjuskattur, vegna skattskylds hagnaðar sem varð til á Íslandi á fyrri helmingi ársins.

Hagnaður á tímabilinu: Bókfærður hagnaður á fyrri helmingi ársins nemur 141,7 milljónum dollara, eða 0,50 dollurum á hlut (0,49 dollarar á hlut að teknu tilliti til þynningar), samanborið við 153,5 milljóna dollara

bókfært tap á sama tímabili í fyrra, sem jafngilti 0,61 dollara tapi á hlut. Þessa aukningu má rekja til tekna af vörusölu, gangvirðis afleiðutengdra skulda og nýrra samninga um fjármögnun á langtímaskuldum félagsins.

Streymi af uppgjörs- og kynningarfundi

Alvotech efnir til uppgjörsfundar með greinendum sem sendur verður út í beinu streymi fimmtudaginn 14. ágúst nk. kl. 12 að íslenskum tíma. Upplýsingar um hvernig hægt er að tengjast streyminu er að finna á fjárfestasíðu Alvotech undir <https://investors.alvotech.com/events/event-details/q2-2025-earnings>. Þar verður einnig hægt að nálgast upptöku af fundinum að honum loknum næstu 90 daga.

Nánar um hliðstæður sem nefndar eru í tilkynningunni

Um AVT02 (adalimumab)

AVT02 er einstofna mótefni og hefur þegar hlotið markaðsleyfi sem líftæknilyfjahliðstæða við Humira (adalimumab) í meira en 50 löndum, þar með talið í Evrópu, Bandaríkjunum, Kanada, Ástralíu, Egyptalandi, Sádi-Arabíu og Suður-Afríku. Lyfið er komið á markað í fjölmörgum Evrópuríkjum undir heitinu Hukyndra, í Kanada og Bandaríkjunum undir heitinu Simlandi og í Ástralíu undir heitinu Adalacip. Umsóknir um markaðsleyfi eru til umsagnar í mörgum löndum.

Um AVT03

AVT03 er einstofna mótefni og fyrirhuguð líftæknilyfjahliðstæða við Prolia og Xgeva (denosumab). Denosumab beinist að og binst með mikilli sækni og sértækni við RANKL og kemur í veg fyrir virkjun viðtaka hans, svokallað RANK. Fyrirbygging RANKL/RANK tengingarinnar minnkar endurupptöku beina og beineyðingu af völdum krabbameins [1]. AVT03 er lyf í þróun og hefur ekki verið samþykkt til notkunar á neinu markaðssvæði.

Um AVT04 (ustekinumab)

AVT04 er einstofna mótefni og líftæknilyfjahliðstæða við Stelara (ustekinumab). Ustekinumab binst IL-12 og IL-23 frumuboðefnunum í ónæmiskerfinu, sem eru þættir í meinafræði ákveðinna ónæmismiðlaðra sjúkdóma [2]. AVT04 er komið á markað í Bandaríkjunum sem Selarsdi, í Kanada undir heitinu Jamteki, í Japan undir heitinu Ustekinumab BS (F) og í Evrópu undir vörumerkinu Uzpruvo. Umsóknir um markaðsleyfi eru til umsagnar á fjölmörgum mörkuðum um allan heim.

Um AVT05 (golimumab)

AVT05 er fyrirhuguð líftæknilyfjahliðstæða við Simponi og Simponi Aria (golimumab). Golimumab er einstofna mótefni sem hamlar frumuboðefninu tumor necrosis factor alpha (TNF alpha). Aukið magn TNF alpha er talið geta verið orsakabáttur í þrálátum bólgusjúkdómum, s.s. liðagigt, sóraliðagigt og hrygggigt [3]. AVT05 er lyf í þróun og hefur ekki verið samþykkt til notkunar á neinu markaðssvæði. Þá liggur niðurstaða eftirlitsaðila ekki fyrir um notkun lyfsins sem líftæknilyfjahliðstæðu.

Um AVT06/AVT29

AVT06/AVT29 er raðbrigða samrunaprótein og fyrirhuguð líftæknilyfjahliðstæða við Eylea (aflibercept) í mismunandi styrk. Aflibercept binst æðapelsvaxtarþáttum (VEGF, Vascular Endothelial Growth Factors) og getur þannig hamlað bindingu og virkjun VEGF viðtaka, nýæðamyndun og æðagegndræpi [4]. AVT06 er lyf í þróun og hefur ekki verið samþykkt til notkunar á neinu markaðssvæði.

Um AVT10

Certolizumab pegol er líftæknilyf sem inniheldur einstofna mannámótefni sem hamlar virkni frumuboðefnisins tumor necrosis factor alpha (TNF-alpha). Lyfið er notað til meðferðar við ýmsum

bólgujúkdómum á borð við liðagigt [5]. AVT10 er lyf í þróun og hefur ekki verið samþykkt til notkunar á neinu markaðssvæði. Þá liggur niðurstaða eftirlitsaðila ekki fyrir um notkun lyfsins sem líftæknilyfjahliðstæðu.

Um AVT16

AVT16 er einstofna mótefni og líftæknilyfjahliðstæða við Entyvio (vedolizumab). Vedolizumab hamlar prótíni á yfirborði hvítu blóðkornanna, sem talið er valda bólgunni sem einkennir sáraristilbólgu og Crohns-sjúkdóminn [6]. AVT16 er lyf í þróun og hefur ekki verið samþykkt til notkunar á neinu markaðssvæði.

Um AVT23

AVT23 er fyrirhuguð líftæknilyfjahliðstæða við Xolair (omalizumab). Omalizumab er einstofna mótefni sem binst við IgE og er notað til meðferðar við ofnæmisastma og langvinnri nef- og skútabólgu með sepageri í nefi [7]. AVT23 er lyf í þróun og leyfi til markaðssetningar hefur ekki verið veitt í neinu landi. Þá liggur niðurstaða eftirlitsaðila ekki fyrir um notkun lyfsins sem líftæknilyfjahliðstæðu.

Um AVT32

AVT32 er fyrirhuguð líftæknilyfjahliðstæða við Keytruda (pembrolizumab). Pembrolizumab er einstofna manna mótefni sem binst við PD-1 viðtakann. Lyfið er notað til meðferðar við ýmsum tegundum krabbameins [8]. AVT32 er lyf í þróun og leyfi til markaðssetningar hefur ekki verið veitt í neinu landi. Þá liggur niðurstaða eftirlitsaðila ekki fyrir um notkun lyfsins sem líftæknilyfjahliðstæðu.

Um AVT48

AVT48 er fyrirhuguð líftæknilyfjahliðstæða við Ilaris (canakinumab). Canakinumab er einstofna mótefni sem binst við immunoglobín (IL) 1-beta í líkamanum og er notað til meðferðar við ýmsum bólgujúkdómum [9]. AVT48 er lyf í þróun og leyfi til markaðssetningar hefur ekki verið veitt í neinu landi. Þá liggur niðurstaða eftirlitsaðila ekki fyrir um notkun lyfsins sem líftæknilyfjahliðstæðu.

Um AVT65

AVT65 er fyrirhuguð líftæknilyfjahliðstæða við Kesimpta (ofatumumab). Ofatumumab virkar með því að bindast markefni sem kallast CD20 á yfirborði B-fruma, sem eru tegund hvítra bóðfruma sem eru hluti ónæmiskerfisins. Það er notað til meðferðar við heila- og mænusiggi með köstum (RMS) [10]. AVT65 er lyf í þróun og leyfi til markaðssetningar hefur ekki verið veitt í neinu landi. Þá liggur niðurstaða eftirlitsaðila ekki fyrir um notkun lyfsins sem líftæknilyfjahliðstæðu.

Heimildir

- [1] [Fylgiseðill Prolia](#)
- [2] [Fylgiseðill Uzpruvo](#)
- [3] [Fylgiseðill Simponi](#)
- [4] [Fylgiseðill Eylea](#)
- [5] [Fylgiseðill Cimzia \(enska\)](#)
- [6] [Fylgiseðill Entyvio](#)
- [7] [Fylgiseðill Xolair](#)
- [8] [Fylgiseðill Keytruda](#)
- [9] [Fylgiseðill Ilaris](#)
- [10] [Fylgiseðill Kesimpta](#)

Notkun á vörumerkjum

Humira er skráð vörumerki AbbVie Biotechnology Ltd., Prolia og Xgeva eru skráð vörumerki Amgen Inc. Stelara, Simponi og Simponi Aria eru skráð vörumerki Jansen Pharmaceutica N.V. Eylea er skráð vörumerki Bayer AG. Entyvio er skráð vörumerki Millenium Pharmaceuticals Inc. Jamteki er vörumerki JAMP Pharma Group. Uzpruvo og Hukyndra eru skráð vörumerki STADA og Alvotech. Adalacip er skráð vörumerki Cipla Australia. Xolair, Ilaris og Kesimpta eru skráð vörumerki Novartis AG. Keytruda er skráð vörumerki Merck Sharp & Dohme Corp. Cimzia er skráð vörumerki UCB Pharma S.A.

Um Alvotech

Alvotech, stofnað af Róberti Wessman, er líftækniyrirtæki sem einbeitir sér að þróun og framleiðslu líftæknihlíðstæðulyfja fyrir sjúklinga um allan heim. Alvotech stefnir að því að verða leiðandi fyrirtæki á sviði líftæknihlíðstæðulyfja. Til að tryggja hámarksgæði eru allir þættir í þróun og framleiðslu í höndum fyrirtækisins. Alvotech vinnur meðal annars að þróun líftækniylfjahliðstæða sem nýst geta sjúklingum með sjálfsofnæmis-, augn- og öndunarferasjúkdóma, beinþynningu eða krabbamein. Alvotech hefur gert samninga um sölu, markaðssetningu og dreifingu við samstarfsaðila á öllum helstu mörkuðum, í Bandaríkjunum, Evrópu, Japan, Kína, öðrum hlutum Asíu, Rómönsku-Ameríku, Afríku og Mið-Austurlöndum. Meðal samstarfsaðila Alvotech eru Teva Pharmaceuticals, dótturfélag Teva Pharmaceutical Industries Ltd. (markaðsaðili í Bandaríkjunum), STADA Arzneimittel AG (Evrópa), Fuji Pharma Co., Ltd (Japan), Advanz Pharma (EES, Bretland, Sviss, Kanada, Ástralía og Nýja Sjáland), Dr. Reddy's (Evrópa, Bandaríkin), Biogaran (Frakkland), Cipla/Cipla Gulf/Cipla Med Pro (Ástralía, Nýja Sjáland, Afríka), JAMP Pharma Corporation (Kanada), Yangtze River Pharmaceutical (Group) Co., Ltd. (Kína), DKSH (Taívan, Hong Kong, Kambódía, Malasía, Singapore, Indonesía, Indland, Bangladess og Pakistan), YAS Holding LLC (Miðausturlönd og Norður Afríka), Abdi Ibrahim (Tyrkland), Kamada Ltd. (KMDA; Ísrael), Mega Labs, Stein, Libbs, Tuteur and Saval (Rómanska-Ameríka) og Lotus Pharmaceuticals Co., Ltd. (Taíland, Víetnam, Filippseyjar og Suður-Kórea).

Meiri upplýsingar er að finna á [vefsíðu Alvotech](#), [fjárfestasiðu](#), og almennri [vefsíðu félagsins á ensku](#). Fylgið okkur á samfélagsmiðlum: [LinkedIn](#), [Facebook](#), [Instagram](#) og [YouTube](#)

Alvotech, fjárfestatengsl og samskiptasvið

Benedikt Stefánsson, forstöðumaður
alvotech.ir@alvotech.com

Unaudited Condensed Consolidated Interim Statements of Profit or Loss and Other Comprehensive Income or Loss for the six months ended 30 June 2025 and 2024

USD in thousands, except for per share amounts

	Six months ended 30 June 2025	Six months ended 30 June 2024
Product revenue	204,733	65,912
License and other revenue	101,271	169,678
Other income	143	57
Cost of product revenue	(139,272)	(65,167)
Research and development expenses	(92,889)	(97,479)
General and administrative expenses	(45,347)	(29,554)
Operating profit	28,639	43,447
Loss on sale of interest in joint venture	—	(2,970)
Finance income	149,247	80,823
Finance costs	(72,190)	(277,414)
Exchange rate differences	(19,683)	7,742
Gain on modification and extinguishment of financial liabilities	16,718	—
Non-operating profit / (loss)	74,092	(191,819)
Profit / (loss) before taxes	102,731	(148,372)
Income tax benefit / (expense)	38,987	(5,132)
Profit / (loss) for the period	141,718	(153,504)
Other comprehensive profit / (loss)		
<i>Item that will be reclassified to profit or loss in subsequent periods:</i>		
Exchange rate differences on translation of foreign operations	3,434	121
Total comprehensive profit / (loss)	145,152	(153,383)
Profit / (loss) per share		
Basic profit / (loss) for the period per share	0.50	(0.61)
Diluted profit / (loss) for the period per share	0.49	(0.61)



Unaudited Condensed Consolidated Interim Statements of Financial Position as of 30 June 2025 and 31 December 2024

USD in thousands

	30 June 2025	31 December 2024
Non-current assets		
Property, plant and equipment	306,596	284,546
Right-of-use assets	134,481	125,198
Goodwill	12,790	11,330
Other intangible assets	54,688	20,621
Contract assets	32,070	22,710
Other long-term assets	4,338	3,615
Deferred tax assets	338,330	298,360
Total non-current assets	883,293	766,380
Current assets		
Inventories	155,490	127,889
Trade receivables	108,103	160,217
Contract assets	46,664	67,304
Other current assets	47,579	48,064
Receivables from related parties	173	118
Cash and cash equivalents	151,452	51,428
Total current assets	509,461	455,020
Total assets	1,392,754	1,221,400

Unaudited Condensed Consolidated Interim Statements of Financial Position as of 30 June 2025 and 31 December 2024

USD in thousands

	30 June 2025	31 December 2024
Equity		
Share capital	2,924	2,826
Share premium	2,102,896	2,007,058
Other reserves	15,627	17,272
Translation reserve	1,216	(2,218)
Accumulated deficit	(2,295,991)	(2,437,709)
Total equity	(173,328)	(412,771)
Non-current liabilities		
Borrowings	1,072,138	1,035,882
Derivative financial liabilities	63,004	210,224
Lease liabilities	136,263	112,137
Contract liabilities	12,914	80,721
Deferred tax liability	2,014	1,811
Total non-current liabilities	1,286,333	1,440,775
Current liabilities		
Trade and other payables	84,282	67,126
Lease liabilities	13,591	9,515
Current maturities of borrowings	46,026	32,702
Liabilities to related parties	1,641	8,465
Contract liabilities	60,333	15,980
Taxes payable	741	204
Other current liabilities	73,135	59,404
Total current liabilities	279,749	193,396
Total liabilities	1,566,082	1,634,171
Total equity and liabilities	1,392,754	1,221,400

Unaudited Condensed Consolidated Interim Statements of Cash Flows for the six months ended 30 June 2025 and 2024

USD in thousands

	Six months ended 30 June 2025	Six months ended 30 June 2024
Cash flows from operating activities		
Profit (loss) for the period	141,718	(153,504)
Adjustments for non-cash items:		
Depreciation and amortization	17,156	14,748
Change in inventory reserves	5,238	(6,936)
Change in allowance for receivables	703	—
Share-based payments	3,418	5,294
Loss on sale of interest in joint venture	—	2,970
Gain on modification and extinguishment of financial liabilities	(16,718)	—
Finance income	(149,247)	(80,823)
Finance costs	72,190	277,414
Exchange rate difference	19,683	(7,742)
Income tax benefit	(38,987)	5,132
Operating cash flow before movement in working capital	55,154	56,553
Increase in inventories	(32,839)	(15,205)
Decrease / (increase) in trade receivables	51,411	(52,229)
(Increase) / decrease in receivables with related parties	(55)	92
Decrease / (increase) in contract assets	13,624	(27,179)
(Increase) / decrease in other assets	(990)	369
Increase / (decrease) in trade and other payables	17,757	(21,758)
Decrease in contract liabilities	(31,743)	(35,881)
(Decrease) / increase in liabilities with related parties	(3,917)	16,677
Increase / (decrease) in other liabilities	8,127	(6,056)
Cash from (used in) operations	76,529	(84,617)
Interest received	50	26
Interest paid	(8,039)	(41,037)
Income tax paid	(249)	(372)
Net cash from (used in) operating activities	68,291	(126,000)
Cash flows from investing activities		
Acquisition of property, plant and equipment	(36,805)	(10,271)
Acquisition of intangible assets	(15,168)	(1,430)
Restricted cash in connection with amended bond agreement	—	1,132
Proceeds from the sale in joint venture	2,975	—
Net cash used in investing activities	(48,998)	(10,569)

Cash flows from financing activities

	Six months ended 30 June 2025	Six months ended 30 June 2024
Repayments of borrowings	(7,757)	(75,059)
Repayments of principal portion of lease liabilities	(4,924)	(4,815)
Proceeds from new borrowings	11,267	67,500
Gross proceeds from equity offering	82,481	150,451
Fees from equity offering	(3,759)	(5,812)
Proceeds from warrants	—	4,841
Stock options exercised	—	76
Net cash generated from financing activities	77,308	137,182
Increase in cash and cash equivalents	96,601	613
Cash and cash equivalents at the beginning of the year	51,428	11,157
Effect of movements in exchange rates on cash held	3,423	(826)
Cash and cash equivalents at the end of the period	151,452	10,944